

3. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

5. apríl 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:30

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) í gegnum Skype, Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM), og Tinna Isebarn (TI) framkvæmdastjóri LUF.

Forföll boðaði: Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Una Hildardóttir (UH).

Fundur settur 18:55

Dagskrá:

- Fundargerð 2. stjórnarfundar** tekin til umræðu og var samþykkt.
- Vinnureglur stjórnar:** Kafli um tilnefningar var endurbættur. GAM lagði fram tillögu um að bæta við reglu um ferðakostnað fyrir þá stjórnarmeðlimi sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Var sú tillaga samþykkt ásamt reglum í heild með fyrirvara um viðbót sem TI var falið að bæta við inn í reglur til samþykktar á næsta stjórnarfundum.
- Fundir með ráðherra:** Aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra hefur svarað og verður ritari ráðherra í sambandi bráðlega. Utanríkisráðherra hefur ekki svarað. TI og SHB funda auk þess með sérfræðingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins á föstudaginn og lögðu fram greinargerð til stjórnar með tillögum að fundarefni.
- Fjármál:** Félagið þurfti að skrapa saman fyrir launum og hefur ekki getu til að greiða reikninga, né leggja út fyrir flugi á fulltrúaráðsfundinn í Brussel.
- Heimasíða:** ÓHH hefur útbúið uppkast sem stjórn var ángæð með og leggur til að þeirri vinnu verði haldið áfram. TI boðar ÓHH á sérstakan fund um framhaldið og leggja þau fram tillögur um framhaldið á næsta stjórnarfundum. Ákveðið var að setja þessa vinnu í forgang.
- Framkvæmdaáætlun:** Haldinn var sérstakur vinnufundur til þess að leggja lokahönd á framkvæmdaráætlunina þann 27. mars. SHB lagði áætlunina fram til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt.
- #ÉgKýs:** TI sagði frá undirbúningi verkefnisins fyrir 2018 og að lokaskýrslan yrði tilbúin fyrir lok vikunnar. Norræna félagið hafði samband og óskaði eftir fyrirlestri um lýðræðisþátttöku ungs fólks og skuggakosningar á alþjóðlegri lýðræðisráðstefnu. Var TI falið að senda þeim jákvætt svar og mun hún flytja erindið.
- Leiðtogaskólinn:** Ákveðið var að setja umsókn til EYF fyrir leiðtogaskólanum ofar í forgansröðina. Tillögur um framhald leiðtogaskólans hafa verið samþykktar og verða lagðar fyrir fulltrúaráð í næstu viku.
- Málefni ungra innflytjenda:** Fjallað var um ráðstöfun eftirstöðva styrks frá innflytjendasjóði. Ákveðið var að TI og GAM myndu senda inn beiðni um að skrifa opinbera skýrslu um verkefnið og óska eftir nýrri dagsetningu fyrir lokaskýrslu verkefnisins fyrir vikulok. Auk þess var ákveðið að hafa samráð við SÍF í tengslum við þeirra verkefni.
- Aldurstakmörkun ríkisskattstjóra:** Rsk. synjaði breytingu á stjórn og prófkúru félagsins vegna þess að félagið er með einstakling undir 18 ára aldri í stjórn. TI óskaði eftir ráðfæringum frá bæði lögfræðingi Barnaheilla og Umboðsmanns barna og út frá því óskaði félagið eftir rökstuðning frá Rsk. með vísun í lagaheimild. Málið er nú komið í hendur lögfræðinga Rsk.

11. Fyrsti fulltrúaráðsfundur 11. apríl kl. 20:00: TI hefur sent út fundarboð ásamt fundargögnum. TI og SS hittast fyrir og undirbúa fundinn og stjórn mætir klukkutíma fyrir fund.

12. Alþjóðamál:

- a. LMJ sendir upplýsingar um stöðu alþjóðamála með tölvupósti á stjórn. Þ.e.a.s. Um **COMEM**, þátttöku LUF í Norræna verkefninu um **Framkvæmd SDGs** og beiðni um samstarf við Finnsk samtök.
- b. LUF verða með fjóra fulltrúa í Finnlandi sem munu flytja erindi á „**Det nye Norden**“.
- c. LMJ er í framboði til „**Council of Europe Advisory Council on Youth**“ og SHB verður skipaður varamaður nái hún kjöri.
- d. TI sagði frá þátttöku hennar á **Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins** í Frakklandi og lagði fram skýrslu til stjórnar.
- e. LUF stendur til boða að sækja námskeið um „**Democracy and Active Citizenship in the Youth field**“ í Þýskalandi. Samþykkt var að ÓHH fari hafi hann tók á því.
- f. TI baðst boð á friðarráðstefnuna „**Spirit of Humanity Forum**“. Var henni falið að biðja um frekari upplýsingar um hana.
- g. LUF fékk boð um að sækja um á ráðstefnuna „**Learning to live together: a shared commitment to democracy**“ í Strasbourg 18-23 júní. LMJ og MÖÓ sækja um.
- h. Núll prósent bauð LUF að taka þátt í verkefninu „**NEET Inclusion**“ skipulagt af samtökunum „**ACTIVE**“ í Stokkhólmi 21-23 maí. GAM fer út sem fulltrúi LUF.
- i. **YFJ Expert Groups:** YFJ óskar eftir einstaklingum í sérfræðihópa. Ákveðið var að tilnefna LMJ og TI í hópa um stefnumótun og réttindi ungs fólks. Auk þess var TI falið að óska eftir sérfræðingum frá aðildarfélögunum í aðra hópa.
- j. TI sótti um að sækja málþing Evrópuráðsins „**Symposium on Youth Policy Responses to the Contemporary Challenges Faced by Young People**“.

13. Þingsályktunartillaga: TI falið að undirbúa drög að umsögn um fjármálaætlun 2018-2022 og sendir á stjórn fyrir lok mánudagsin 10. apríl.

14. Frumvarp til laga: TI falið að gera drög að umsögn um lækkun kosningaaldurs.

15. Næsti fundur: Miðvikudaginn 19. apríl. Ákveðið var að annar hver miðvikudagur kl 18:00 yrði héðan í frá fastur fundartími stjórnar.

16. Önnur mál: GAM lagði til að gera það að reglu að SHB hringdi í hana sérstaklega ef fundi er aflýst með skömmum fyrirvara. SS lagði til að TI bætti við upplýsingum frá framkvæmdastjóra fyrir neðan dagskrá til að auka skilvirkni stjórnarfunda.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:00.

TI ritaði fundargerð.